

Skýrsla

innviðaráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018–2024.

Þann 18. desember 2020 lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í annað sinn fram á Alþingi skýrslu um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018–2024. Byggðaáætlun er unnin skv. lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015 og var samþykkt einróma á Alþingi í júní 2018 eftir mikið samráð um allt land við mótun hennar.

Hér er í þriðja sinn lögð fram skýrsla um framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Rétt er að geta þess að skv. breytingu á lögum nr. 69/2015 árið 2018 skal ráðherra á a.m.k. þriggja ára fresti leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára ásamt fimm ára aðgerðaáætlun. Vinna við endurskoðun áætlunarinnar hófst sumarið 2020 og var þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2022–2026 lögð fram á Alþingi í júní 2021. Áætlað er að þingsályktunartillagan verði endurframlögð á Alþingi í byrjun árs 2022.

Í þessari skýrslu ráðherra er leitast við að upplýsa um framvindu byggðaáætlunar en allar aðgerðir eru hafnar og miðar flestum vel og þónokkrum er þegar lokið. Upplýsingar um stöðu hvorrar aðgerðar er jafnframt að finna á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

I. Markmið, áherslur og mælikvarðar.

Í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er kveðið á um að byggðaáætlun skuli hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Settar voru fram 47 áherslur sem skiptast milli markmiðanna þriggja. Áherslurnar komu fram eftir samráð við sveitarfélög, landshlutasamtök þeirra, ráðuneyti og aðra haghafa. Flestar leiða áherslurnar til beinna og skilgreindra aðgerða, en aðrar eru til samhæfingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum til að stuðla að því að framangreindum markmiðum byggðaáætlunar verði náð. Við hvert markmið eru tveir mælikvarðar, alls sex mælikvarðar. Er þetta í fyrsta skipti sem slíkir mælikvarðar eru skilgreindir og eru þeir mikilvægt tæki til að meta og mæla árangur áætlunarinnar.

Byggðastofnun hefur unnið að því að kortleggja opinbera þjónustu og er þjónustukort aðgengilegt á netinu (www.þjónustukort.is). Gagnaöflun er lokið, þjónustupættir hafa verið skráðir á kortið og unnið er að viðhaldi upplýsinga. Þjónustukortið er ein af aðgerðum byggðaáætlunar (aðgerð A.2) og er ætlað að bæta yfirsýn og skapa þar með grundvöll fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað. Kortið mun nýtast sem mælikvarði á framgang aðgerða samkvæmt markmiðum byggðaáætlunar um að jafna aðgengi að þjónustu. Þá hefur Byggðastofnun unnið að því að bæta aðgengi að ýmsum byggðatengdum upplýsingum á sérstöku mælaborði sem aðgengilegt er á heimasíðu stofnunarinnar.

II. Samhæfing við aðrar opinberar áætlanir.

Byggðastefna hefur snertifleti við flesta málaflokka hins opinbera og öll ráðuneyti. Stefnunótandi byggðaáætlun gegnir mikilvægu samhæfingarhlutverki sem felur m.a. í sér að hafa áhrif á aðrar opinberar áætlanir og draga fram byggðasjónarmið við gerð og framkvæmd þeirra, til dæmis með fjárframlagi. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál gegnir mikilvægu hlutverki við að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála, ásamt því að vinna að því að samhæfa byggðamál annarri stefnumótun og áætlanagerð þannig að horft verði heildstætt til byggðaðróunar.

Sóknaráætlanir landshluta eru mikilvægur þáttur í samspili við byggðaáætlun. Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og þar með sveitarfélögin sjálf eru í vaxandi mæli þátttakendur við mótun og framkvæmd byggðaáætlunar.

Þessi mikla áhersla á samráð og samhæfingu við aðrar opinberar áætlanir hefur stuðlað að því að framkvæmd byggðaáætlunar gengur vel. Sjálf byggðaáætlunin er aðeins hluti af byggðastefnu stjórnvalda. Aðrar stefnur, svo sem stefnur á sviði samgangna-, mennta-, heilbrigðis- og atvinnamála, hafa jafnvel enn meiri áhrif þegar kemur að byggðaðróun í landinu. Með því að samhæfa byggðaáætlun öðrum áætlunum fæst aukinn kraftur í framkvæmd þeirra um leið og stuðlað er að því að byggðasjónarmið verði höfð að leiðarljósi við framkvæmd annarra áætlaða.

III. Framvinda aðgerða.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti leggur mikla áherslu á skilvirka framkvæmd og eftirfylgni byggðaáætlunar. Jafnframt er lögð áhersla á að almenningur í landinu geti fylgst vel með stöðu og framgangi einstakra aðgerða á vef ráðuneytisins. Árið 2021 opnaði Vegvísir á vef ráðuneytisins (www.vegvisir.is) sem er ætlað að greiða aðgengi almennings að áætlunum ráðuneytisins með sjónrænum hætti. Byggðamálaráð og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál eru virkir aðilar í ferlinu, en það er fastur dagskrárliður á fundum beggja hópa að gera grein fyrir framkvæmd byggðaáætlunar.

Í byggðaáætlun eru settar fram 54 aðgerðir sem hver um sig tengist minnst einu þriggja markmiða áætlunarinnar. Markmið eru skilgreind við hverja aðgerð ásamt stuttri lýsingu og fram kemur hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmdinni, hver er framkvæmdaaðili og fjárhæð af byggðaáætlun til hvernar aðgerðar.

Fjármögnun aðgerða er þríþætt. Í fyrsta lagi eru aðgerðir sem eingöngu eru fjármagnaðar af byggðalið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna þjónustukort (A.2) og brothættar byggðir (C.2). Í öðru lagi er um samfjármögnun að ræða, sem felur í sér að fjármagn kemur annars vegar af byggðalið og hins vegar frá viðkomandi ráðuneyti. Dæmi um slíkar aðgerðir eru Ísland ljóstengt (A.1) og innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu (A.5). Í þriðja lagi eru aðgerðir sem fjármagnaðar eru að öllu leyti af viðkomandi ráðuneyti. Dæmi um slíkar aðgerðir eru stuðningur við uppbyggingu smávirkjana (B.3) og fleiri flughlið inn í landið (B.11).

Samkvæmt byggðaáætlun er áætlað að verja um 3,5 milljörðum kr. af byggðalið fjárlaga (fjárlagaliður 10 701 1.10) á tímabilinu 2018–2024. Ekki er um heildarkostnað að ræða við framkvæmd áætlunarinnar, en sem fyrr segir leggja önnur ráðuneyti, sveitarfélög og einkaaðilar til fjármagn til einstakra aðgerða.

Í viðauka sem fylgir skýrslu þessari er tafla með upplýsingum um allar 54 aðgerðirnar. Þar koma meðal annars fram markmið hvernar aðgerðar og staða þeirra í lok árs 2021. Einnig eru

upplýsingar um fjármagn sem varið hefur verið til hvorrar aðgerðar árin 2018–2021, sem og heildarupphæð sem áætluð er af byggðalið á tímabilinu 2018–2024. Í viðaukanum má sjá að 21 aðgerð er lokið og 33 eru í vinnslu.

IV. Mat Byggðastofnunar.

Þrjú og hálf ár er liðið frá samþykkt byggðaaætlunar. Það er mat Byggðastofnunar að vel hafi tekist til við framkvæmd hennar og er vinna við flestar aðgerðir ýmist langt komin eða verkefnum þegar lokið. Stofnunin telur að hið mikla samráð sem haft var við mótun áætlunarinnar og það breiða eignarhald sem það skapaði eigi stóran þátt í því hversu vel hefur gengið að framfylgja henni.

Í aðdraganda endurskoðunar byggðaaætlunar sem getið er hér að framan voru m.a. haldnir samráðsfundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga, stjórnendum allra ráðuneyta, þingmönnum, stjórnendum og starfsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Þá var einnig opnuð sérstök samráðsgátt á vef Byggðastofnunar þar sem kallað var eftir skoðunum almennings á nágildandi byggðaaætlun, kostum hennar og göllum sem og hverjar væru helstu áskoranir við mótun nýrrar áætlunar. Niðurstöður benda til þess að nokkuð góð sátt virðist ríkja um form og inntak gildandi byggðaaætlunar og ekki síst það breiða samráð sem átti sér stað við vinnslu hennar og hversu aðgerðadrifin áætlunin er. Þá hefur komið fram ánægja með þau meginmarkmið sem skilgreind eru í áætluninni og byggja á lögum nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaráætlanir. Framsetning áætlunarinnar er skýr og dregur vel fram hvar skórinn kreppir og hvaða aðgerða er þörf. Þá felur hún í sér ákveðna breidd sem m.a. lýsir sér í því að nánast öll ráðuneyti eru ábyrgðaraðilar einhverra verkefna í áætluninni. Nokkrir veikleikar komu þó fram og lúta einkum að samhæfingu byggðaaætlunar við aðra áætlanagerð ríkisins. Þá var á það bent að í mörgum tilfellum er fjármögnun aðgerða ekki skilgreind nema að því marki sem kemur af byggðaaætlun. Það mætti því gera betur í því að virkja aðkomu ráðuneyta að framkvæmd og fjármögnun byggðaaætlunar.

Byggðastofnun er sammála þessu mati og telur að breytt vinnulag við gerð og framkvæmd byggðaaætlunar sé mjög til bóta og að vægi hennar við ákvarðanatöku hafi jafnframt aukist verulega. Stofnunin merkir aukna áherslu á byggðamál hjá stjórnvöldum og fjölmörg þingmál tengjast beint og markvissst einstökum tillögum byggðaaætlunar. Þá er áætlunin heildstæðari og nær til mun fleiri sviða en fyrri áætlanir. Við endurskoðun hennar var horft til þess að huga enn betur að samhæfingu byggðaaætlunar við þær megináætlanir ríkisins sem hafa snertifleti við byggðapróun sem og við áætlanir á vegum sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra á borð við sóknaráætlanir landshluta og svæðisskipulagsáætlanir. Byggðastofnun leggur áherslu á að til að framkvæmd byggðaaætlunar verði markvissari, verði allar aðgerðir sem settar eru fram í aðgerðaaætlun fyrirfram fjármagnaðar, tilgreint hver beri ábyrgð á fjármögnun hvorrar aðgerðar og hver er áætlaður kostnaður.

Viðauki - Staða aðgerða¹

A. Jafna aðgengi að þjónustu						
Nr.	Heiti aðgerðar	Markmið	Staða	Framlag af byggða-áætlun 2018–2021	Áætlað framlag af byggða-áætlun 2018–2024	Ábyrgð
A.1	Ísland ljóstengt	Að öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi í dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu.	Lokið. Byggðastyrkir styðja við áætlun fjarskiptasjóðs. 25 sveitarfélög hafa fengið styrk. Áætlað er að verkefninu verði lokið við árslok 2021. ²	300 m.kr.	300 m.kr.	SRN
A.2	Þjónustukort	Að fá trausta sýn á aðgengi landsmanna að þjónustu.	Lokið. Þjónustukortið er í fullri notkun (www.þjónustukort.is). Þau gögn sem Byggðastofnun hefur safnað eru aðgengileg á sérstakri niðurhalssíðu sem er opin öllum. Reglulega er unnið að uppfærslu þjónustubáttá, auk þess sem unnið er að nýju viðmóti. Áframhaldandi samráð við ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Kortið verður þýtt yfir á ensku og pólsku, gert aðgengilegt fyrir sjóndapra og mæligildi sett inn.	20 m.kr.	20 m.kr.	SRN
A.3	Efling rannsókna og vísindastarfsemi	Að auka rannsóknvirkni, vísindastarfsemi og nýsköpun á landsbyggðinni.	Í vinnslu. Unnið er að gerð frumathugunar og áformaskjala vegna endurnýjunar samninga við þekkingarsetur til allt að 5 ára. Í fjárlagafrumvarpi 2022 er gert ráð	0	0	MRN

¹ Viðauki þessi er uppfærður árlega, í tengslum við skýrslu ráðherra til Alþingis um framkvæmd byggðaáætlunar. Staða aðgerða er uppfærð oftar á vefsíðu ráðuneytisins <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaetlun/>

² Aðgerðin hófst 2017. Það ár var úthlutað byggðastyrkjum að upphæð 100 m.kr. Þannig hefur samtals 400 m.kr. verið veitt til 30 sveitarfélaga á tímabilinu 2017-2021.

			fyrir auknu fjármagni til þekkingarsetra. Með breytttri skipan ráðuneyta þar sem háskólar, vísindi og nýsköpun verða saman í nýju ráðuneyti má vænta þess að hlutverk setranna og starfsemi verði endurskoðuð með það að markmiði að efla þau enn frekar.			
A.4	Þverfagleg landshlutateymi	Að styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála.	Í vinnslu. Aðgerðin er í gangi á Suðurnesjum. Þrír þættir af fjórum eru í vinnslu: 1. Að auka aðgengi íbúa að stafrænum lausnum, 2. Nýsköpun í velferðarþjónustu og 3. Að auka og styrkja samræmingu og skilvirkni í velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Fjórði þátturinn liggur í samstarfi háskólastofnana um nám og gerð nýsköpunaráætlana fyrir sveitarfélög. Í Fjallabyggð og á Ísafirði er hafinn undirbúningur um þróun á afmörkuðum verkefnis-hugmyndum á sviði nýsköpunar og velferðartækni.	30 m.kr.	60 m.kr.	FRN
A.5	Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu	Að bæta heilbrigðisþjónustu með því að nýta nýjustu tækni og fjarskipti við framkvæmd þjónustu.	Í vinnslu. Verkefninu er stýrt frá Miðstöð um rafrænar heilbrigðislausnir hjá Embætti landlæknis. Verkefnisstjórar hafa verið ráðnir á heilbrigðisstofnanir landsins til að leiða og efla framþróun á sínu svæði. Framlagið af byggðalið er m.a. ætlað til tækjakaupa og hugbúnaðargerð. Árið 2020 var gerður tveggja ára samningur við Ljósið, sem gengur út á að veita íbúum á landsbyggðinni þjónustu.	80 m.kr.	140 m.kr.	HRN

			Samningurinn gildir til ágúst 2022 og nemur 34 m.kr. Haustið 2021 var veittur 3 m.kr. styrkur til átröskunarteymis LSH til að þróa hugbúnað tengt stafrænni matarstuðningsmeðferð og 11,5 m.kr. styrkur til HVEST vegna tækjakaupa tengt fjaraugnlækningum.			
A.6	Hérðaðslækningar	Að fjölga heilsugæslulæknum á landsbyggðinni með því að koma á tveggja ára námi sem býr heilsugæslulækna undir starf í dreifbýli.	Í vinnslu. Starfshópur skilaði inn tillögum um áramótin 2019/2020. Unnið er með þær tillögur en vinnan hefur tafist, m.a. vegna Covid. Marklýsing liggur ekki fyrir og óvíst er með framhaldið.	0	2,5 m.kr.	HRN
A.7	Fæðingaþjónusta og mæðravernd	Að tryggja aðgengi að þjónustu vegna meðgöngu og fæðingar.	Lokið. Í desember 2020 voru samþykktar á Alþingi breytingar á <u>lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020</u> . Nýtt sjúkrahótel tók til starfa í maí 2019 sem nýtist m.a. verðandi foreldrum af landsbyggðinni. Í janúar 2020 samþykkti heilbrigðisráðherra reglugerðarbreytingu sem tryggir greiðslu ferðakostnaðar fyrir fylgdarmann sem þarf að ferðast vegna fæðingar barns. Starfshópur á vegum FRN sem hafði það hlutverk að fara heildstætt yfir aðstæður barnshafandi kvenna á landsbyggðinni skilaði skýrslu í febrúar 2020. HRN lagði fram aðgerðaáætlun í barneignarþjónustu í september 2021, byggða á skýrslu þverfaglegs starfshóps um málið. Áætlunin miðar m.a. að því að bæta aðgengi að þjónustu, óháð búsetu,	0	0	HRN

			fjárhag og félagslegri stöðu skjólstæðinga.			
A.8	Jöfnun flutningskostnaðar vegna verslunar	Að skjóta styrkari stoðum undir verslun í dreifbýli og minna þéttbýli.	Lokið. Starfshópur skilaði tillögum til SRN í desember 2020. Unnið var með þær tillögur við endurskoðun byggðaáætlunar vorið 2021.	0	0	SRN
A.9	Verslun í strjálbýli	Að styðja verslun í strjálbýli.	Lokið. Samkeppnispottur. Frá árinu 2018 voru sextán styrkir veittir til þrettán verslana, auk þess sem þær fengu ráðgjöf. Heildarframlag til aðgerðarinnar hækkaði úr 55 m.kr. í 58,3 m.kr.	58,3 m.kr.	55 m.kr.	SRN
A.10	Almenningssamgöngur um land allt	Að styðja við áframhaldandi þróun almenningssamgangna um land allt.	Í vinnslu. Fyrsta heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða, <u>Ferðumst saman</u> , var samþykkt sem hluti af samgönguáætlun haustið 2019. Auglýst var eftir umsóknum 2020 og 2021. Samtals hefur verið úthlutað 83,3 m.kr. til 18 verkefna sem styðja við þróun almenningssamgangna, einkum út frá byggðalegum sjónarmiðum.	83,3 m.kr.	107,5 m.kr.	SRN
A.11	Flug sem almenningssamgöngur	Að innanlandsflug verði raunhæfur kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar.	Lokið með tilkomu <u>Loftbrúarinnar</u> haustið 2020. Loftbrúin veitir 40% afslátt af heildarfargjaldi fyrir allar áætlunarleiðir innanlands til og frá Reykjavík. Hver einstaklingur getur fengið lægri fargjöld fyrir allt að þrjár ferðir til og frá Reykjavík á ári (sex flugferðir). Auk þessa var 10 m.kr. af byggðalið varið í að styrkja áætlanafflug til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar árið 2019.	10 m.kr.	0	SRN
A.12	Akstursþjónusta í dreifbýli	Að auka aðgengi að skipulagðri	Lokið með reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.	0	0	SRN

		akstursþjónustu í dreifbýli.	Jöfnunarsjóður úthlutaði 14 m.kr. á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum á árinu 2019 og 18 m.kr. árið 2020. Útreikningar vegna 2021 verða framkvæmdir í lok árs. Framlögin eru að hámarki 50 m.kr. hvert ár.			
A.13	Nærþjónusta við innflytjendur	Að auðvelda aðgengi innflytjenda að opinberri þjónustu.	Í vinnslu. Fjölmenningarsetur framkvæmir. Það sem m.a. hefur verið gert er þróun námskeiðsins Fjölbreytnin auðgar. Haldið var þjálfaranámskeið haustið 2021 fyrir starfsmenn allra fræðslumiðstöðva og fjölmenningarfulltrúa sveitarfélaga. Starfsemi fjölmenningarfulltrúa eflað, haldinn starfsdagur og málþing fjölmenningarfulltrúa í annað sinn í september 2021 þar sem m.a. voru kynntar leiðbeiningar um móttöku nýrra íbúa af erlendum uppruna. Aukið samstarf við leiðandi sveitarfélög við kynningu á innleiðingu fjölmenningarstefna og ýmissa verkfæra til að auðvelda aðgengi að upplýsingum sveitarfélaga.	15 m.kr.	20 m.kr.	FRN
A.14	Jöfnun orkukostnaðar	Að stuðla að aukinni jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli og þéttbýli, bæði hvað varðar dreifingu á raforku og húshitunarkostnað.	Í vinnslu. Þrjúþætt aðgerð. a) Starfshópur er að störfum sem hefur til skoðunar hvernig tryggja megi aukna jöfnun. b) Niðurgreiðslur á köldum svæðum og gert er ráð fyrir auknum framlögum 2019-2024. c) Styrkir til einstaklinga til kaupa á varmadælum. Tengist aðgerð C.5. Í fjárlögum 2021, frumvarpi til fjárlaga 2022 og fjármálaáætlun 2021-2025 er kveðið á um 730 m.kr. hækkun á	0	0	ANR

			framlagi til jöfnunar á dreifikostnaði raforku frá og með árinu 2021. Tryggir um 90% jöfnun. Unnið að frekari jöfnun.			
A.15	Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum	Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka hlutfall vistvænna orkugjafa.	Í vinnslu. Unnið í tengslum við aðgerðaáætlun í loftlagsmálum. Áætlað er að 1,5 milljarði verði á næstu 5 árum til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna o.fl. Orkusjóður hefur síðan 2018 úthlutað árlega styrkjum til uppbyggingar rafhleðslustöðva. Árið 2020 var 192 m.kr. úthlutað og árið 2021 verður allt að 500 m.kr. úthlutað. Vorið 2021 var gefin út skýrsla með úttekt á innviðum hafna.	0	0	ANR
A.16	Hagnýting upplýsingatækni til háskólanáms	Að bæta aðgengi að námi á háskólastigi.	Í vinnslu. Fjarnám á háskólastigi hefur farið hratt vaxandi. Mikil aukning hefur verið á námsfyrirkomulagi sem skilgreint hefur verið sem sveigjanlegt og nemendamiðað, ekki gerð krafa um daglega viðveru, en nemendur mæta í námslotur og verkefnaskil eru rafræn. Nánast allt nám við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst er hægt að taka með fjarnámsfyrirkomulagi og hlutur fjarnáms við aðra háskóla hefur farið vaxandi. Þekkingarsetur og fræðsluaðilar vítt um land þjónusta háskólanemendur m.a. með því að halda úti les- og vinnuaðstöðu, miðla gögnum og upplýsingum, aðstöðu fyrir próftökur o.fl. Hafið er nám á háskólastigi á Austurlandi	0	0	MRN

			sem er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Austurbrúar.			
A.17	Svæðisbundin flutningsjöfnun	Að endurskoða lög um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011.	Lokið með samþykkt laga nr. 125/2018, um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011.	0	0	SRN
A.18	Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis	Að íbúar landsins, óháð búsetu, hafi jafnt aðgengi að opinberri grunnþjónustu með bættum aðstæðum og tæknilausnum.	Lokið á núverandi áætlanatímabili en gert ráð fyrir framhaldi í tillögu til þingsályktunar að endurskoðaðri byggðaáætlun. Starfshópur á vegum Byggðastofnunar hefur unnið drög að stöðugreiningu í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, stofnanir og ráðuneyti. Töf varð á verkefninu vegna Covid en jafnframt varð það kveikjan að minnisblaði sem sent var til SRN í júní 2020 með þremur tillögum sem snúa að grunnskólum, heilbrigðisþjónustu og almenningsamgöngum. Á fyrri hluta árs 2021 skilaði hópurinn tillögu að skilgreiningu á grunnþjónustu. Tillagan var í samráðsgátt stjórnvalda frá ágúst til október undir titlinum „Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis“ en úrvinnsla biður framhaldsaðgerðar.	3 m.kr.	3 m.kr.	SRN
A.19	Aukinn aðgangur að geðheilbrigðisþjónustu	Að styðja við stefnu og aðgerðaáætlun. velferðarráðuneytisins í geðheilbrigðismálum.	Lokið. Í febrúar 2019 úthlutaði heilbrigðisráðherra 630 m.kr. til eflingar geðheilbrigðisþjónustu á landsvísu, m.a. til að fjölga stöðugildum sálfræðinga í heilsugæslu og til uppbyggingar geðheilbrigðisteyma	5 m.kr.	5 m.kr.	HRN

			um land allt. Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu sá um framkvæmdina og nýttist framlag SRN við að styðja við uppbyggingu teymanna á landsvísu.			
A.20	Jafna aðgang að þjónustu sérfræðilækna	Að jafna aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu.	Lokið. Að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu er viðvarandi verkefni. Þessari aðgerð lauk með því að tilraunaverkefni á Austurlandi var fest í sessi í nóvember 2020 þegar heilbrigðisráðherra veitti Heilbrigðisstofnun Austurlands varanlega aukið fjármagn til að tryggja áframhaldandi þjónustu sérgreinalækna við íbúa heilbrigðis-umdæmisins með samningum við Sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítala. Framlag SRN var nýtt til að þróa hugbúnaðarlausn sem kallast „Konsúlt framtíðarinnar“ og snýr að viðmóti til að tryggja örugg samskipti innan upplýsingakerfa heilbrigðiskerfa.	5 m.kr.	5 m.kr.	HRN

B. Jafna tækifæri til atvinnu						
B.1	Hraða þrífösun rafmagns	Að dreifikerfi rafmagns mæti þörfum heimila og fyrirtækja, með sérstakri áherslu á dreifingu raforku og afhendingaröryggi raforku í dreifbýli.	Í vinnslu og á áætlun. Árið 2019 kynnti iðnaðarráðherra þriggja ára átak til að hraða þrífösun rafmagns. Skaftárhreppur og Mýrar verða þar í forgangi og hefur þegar verið hafist handa. Átakið hefur beina skírskotun til byggðaaætlunar. Í fjármálaáætlun 2021-2025 er gert ráð fyrir að 500 m.kr. verði varið úr ríkissjóði í að flýta fyrir jarðstrengjavæðingu og þrífösun dreifikerfis raforku. Er það í samræmi við tillögur átakshóps ríkisstjórnarinnar um úrbætur í innviðum sem kynntar voru fyrr á árinu í kjölfar fárviðrisins sem gekk yfir landið síðasta vetur. Á þessu ári var 100 m.kr. varið úr ríkissjóði í verkefnið og er það hafið. Miðað er við að árið 2022 verði fjárveiting ríkis 200 m.kr. og 100 m.kr. á ári næstu tvö ár á eftir, eða alls 500 m.kr.	40 m.kr	400 m.kr.	ANR
B.2	Flutningskerfi raforku og bætt orkuöryggi	Að auka orkuöryggi og efla flutningskerfi raforku.	Í vinnslu. Í þingsályktun 26/148, frá 2018, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, kemur fram að sérfróður aðili skuli fenginn til að gera sjálfstæða rannsókn á áhrifum mismunandi tæknilegra lausna við lagningu raflína og á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að aukið hlutfall flutningskerfis raforku verði lagt í jörð, með tilliti til áhrifa á raforkuverð, afhendingaröryggi, hagkvæmni, byggðapróun, tæknilegar lausnir og umhverfiskostnað.	0	60 m.kr.	ANR

B.3	Stuðningur við byggingu smávirkjana	Að kanna og styðja möguleika á aukinni raforkuframleiðslu á landsbyggðinni með smávirkjunum og efla þar með orkuöryggi á landsvísu.	Í vinnslu. Orkustofnun sér um framkvæmdina. M.a. hefur verið kallað eftir hugmyndum að smærri virkjunarkostum í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga. Starfs hópur skilaði skýrslu með tillögum 2021. Reglugerð er tilbúin til útgáfu sem byggð er á þeim tillögum.	0	0	ANR
B.4	Hagstæð lán fyrir landbúnað	Að stuðla að nýliðun, nýsköpun og nýfjárfestingum í landbúnaði um land allt.	Lokið. Landbúnaðarlán Bygðastofnunar hafa fest sig í sessi og eru eftirsótt, en landbúnaður er stærsta einstaka atvinnugreinin í lánasafni stofnunarinnar. Til þess að mæta þörfum ungra bænda var lánaflokkurinn uppfærður haustið 2020 og eru nú í boði allt að 90% lán vegna kynslóðaskipta í landbúnaði.	0	0	SRN
B.5	Nýsköpun í matvælaíðnaði	Að efla nýsköpun og auka sóknarfæri í matvælaframleiðslu.	Lokið. Matvælasjóður var stofnaður með lögum nr. 31/2020. Við stofnun sjóðsins runnu saman Framleiðni-sjóður landbúnaðarins og AVS sjóðurinn. Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Árið 2020 var 480 m.kr. úthlutað til 62 verkefna og árið 2021 var 567 m.kr. úthlutað til 64 verkefna.	0	0	ANR
B.6	Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu	Að auðvelda fólki utan höfuðborgarsvæðisins að sækja vinnu frá heimili.	Lokið. Aðgerðin rædd hjá FJR, SRN, stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál og byggðamálaráði. Samróma niðurstaða að aðgerðin sé ekki nægilega skýrt fram sett og að hún megi ekki verða til þess að hvatt sé til notkunar á einkabíl á kostnað	0	0	FJR

			almenningsamganga, þar sem þær eru fyrir hendi. Aðgerðin var endurskoðuð samhliða endurskoðun byggðaaætlunar og liggur fyrir í <u>þingsályktunartillögu</u> sem lögð var fyrir Alþingi í júní 2021. Þar er gert ráð fyrir að ferðaleiðir verði greindar út frá staðfangi heimilis og vinnustaðar, enda er slík greining forsenda þess að beita megi hagrænum hvötum.			
B.7	Störf án staðsetningar	Að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum.	Í vinnslu. Í febrúar 2020 fengu allar ríkisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu sniðmát um greiningu starfa. 78% skiluðu greiningu þar sem fram kom að mögulegt væri að auglýsa um 890 störf án staðsetningar eða 13% stöðugilda. Þá hefur verið gerð könnun meðal forstöðumanna um viðhorf til aðgerðarinnar. Í september 2021 gáfu FJR, FOR og SRN út skýrslu um störf án staðsetningar þar sem settar eru fram tillögur. Þá hefur Byggðastofnun safnað upplýsingum um mögulegar starfsstöðvar og gert aðgengilegt á vefsíðu sinni. Árið 2021 var gerður samningur um þróun aðstöðu á Selfossi fyrir störf án staðsetningar og lagt til hans 30 m.kr. á þremur árum. Í nýjum stjórnarsáttmála og í tillögu til þingsályktunar að stefnumótandi byggðaaætlun er aðgerðin tekin lengra þar sem gengið er út frá því að öll störf sem	5 m.kr.	0	FJR

			ekki eru staðbundin í eðli sínu verði skilgreind án tiltekinnar staðsetningar þannig að búseta hafi ekki áhrif á val starfsfólks.			
B.8	Fjarvinnslustöðvar	Að koma opinberum gögnum á stafrænt form og fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni.	Í vinnslu. Þrisvar hefur verið úthlutað styrkjum úr samkeppnis-potti, samtals að upphæð 158,6 m.kr. Sjö stofnanir fengu samtals níu styrki. Ein stofnun hlaut styrk án auglýsingar en með vísan í samþykkt ríkisstjórnar frá því í ágúst 2019.	158,6 m.kr.	300 m.kr.	SRN
B.9	Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land	Að stuðla að fjölbreyttum störfum og atvinnulífi sem víðast um landið.	Í vinnslu. Forsætisráðherra lagði fram minnisblað á ríkisstjórnarfundum haustið 2019 þar sem áréttað var mikilvægi þess að skoðað verði gaumgæfilega hvort stofnanir sem ráðuneyti áformi að setja á laggirnar geti verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins. Ráðuneytið hefur fylgt þessu eftir í þeim tilfellum sem ákvörðun liggur fyrir um að setja nýja stofnun á laggirnar og óskað eftir því að skoðað verði hvort starfsemin geti verið staðsett utan höfuðborgarsvæðisins.	0	0	FOR
B.10	Jöfnun á aðstöðumun á millilandaflugvöllum	Að jafna aðstöðumun til þjónustu á millilandaflugvöllum landsins.	Lokið. Tillögum hefur verið skilað til SRN.	0	0	SRN
B.11	Flughlíð inn í landið	Að ferðamenn dreifist betur um landið.	Í vinnslu. Flugþróunarsjóður hefur verið starfræktur síðan 2016. Sjóðurinn styður við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands þannig að koma megi á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvöllina á Akureyri og á Egilsstöðum og stuðla	0	0	ANR

			að dreifingu ferðamanna um landið. Fjögur fyrirtæki, auk Áfangastaðastofu Norðurlands og Austurbrúar hafa fengið styrki. Árið 2021 var samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Áfangastaðastofu Norðurlands og Austurbrúar „Nature Direct - Your Gateways to Iceland“ sett á laggirnar. Verkefnið gengur út á að kynna flugvöllina, áfangastaði á Norður- og Austurlandi og Flugþróunarsjóð með samræmdum hætti undir sama merki. Alls hefur 273 m.kr verið úthlutað úr sjóðnum.			
B.12	Ratsjáin	Að efla ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni.	Lokið. Ratsjáin fór fram á öllu landinu árið 2021 með þátttöku allra landshluta en formi og framkvæmd verkefnisins var breytt í vefvinnustofur og námskeið. Þátttakendur voru 120 talsins og tengdust þeir þvert yfir allt landið. Áður höfðu 40 fyrirtæki tekið þátt í sex vikna svæðisbundnu þróunar- og nýsköpunarverkefni fyrir stjórnendur ferðaþjónustufyrirtækja. Þá voru vinnustofur haldnar á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Reykjanesi.	30 m.kr.	30 m.kr.	ANR
B.13	Stafrænt forskot á landsbyggðinni	Að auka getu fyrirtækja á landsbyggðinni til að nýta stafræna tækni til vaxtar.	Í vinnslu. Var unnið af NMÍ í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, markaðsstofur og símenntunarmiðstöðvar í hverjum landshluta. Vinnustofur um stafræna tækni hafa verið haldnar á níu stöðum á landinu sem alls 156 starfsmenn/	11,4 m.kr.	35 m.kr.	ANR

			stjórnendur fyrirtækja hafa sótt. Vegna Covid voru haldin vefnám-skeið, alls 4 sem 120 manns sóttu. Í kjölfar námskeiða gefst kostur á að fá aðstoð við að greina vefsíður og samfélagsmiðla. Þá gefst kostur á að sækja um styrk til kaupa á ráðgjöf til að auka og bæta stafræna tækni. Verkefnið var ekki í gangi árið 2021 en gert er ráð fyrir að það hefjist aftur árið 2022.			
B.14	Fjármagn til nýsköpunar	Að auka nýsköpun í atvinnulífi í dreifðum byggðum með sérstökum flokki útlána Byggðastofnunar sem hvetur til nýsköpunar í atvinnulífi og auðveldar frumkvöðlum að koma hugmyndum sínum og verkefnum af þróunarstigi í framkvæmd.	Í vinnslu. Byggðastofnun setti á laggirnar nýjan lánaflökk til nýsköpunar á landsbygginni árið 2017. Lítil eftirspurn hefur verið í lánaflökkinn frá upphafi. Til þess að stuðla að verkefnismarkmiðinu var hámarkslán hækkað úr 5 m.kr. í 10 m.kr. auk þess sem að endurgreiðsluskilmálar voru rýmkaðir. Þá var breytiréttur í hlutafé felldur út.	0	0	SRN
B.15	Mat á árangri af úthlutun byggðakvóta	Að meta árangur af byggðakvóta.	Í vinnslu. Nefnd sjávarútvegsráðherra skilaði tillögum árið 2020, en frumvarp sem byggði á tillögunum náði ekki fram að ganga. Samkvæmt stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar (2021) verður skipuð nefnd til að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum, ásamt því að meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Nefndinni verði m.a. falið að meta árangur af atvinnu- og byggðakvóta	0	0	ANR

			og strandveiðum til að styðja við atvinnulíf á landsbyggðinni.			
B.16	Nýting menningarminja	Að nýta menningarminjar til stuðnings byggðapróun á svæðum sem standa höllum fæti í byggðalegu tilliti.	Í vinnslu. Byggðarlög sem taka þátt í Brothættum byggðum eru í forgangi. Á Bakkafirði og í Árneshreppi er vettvangsvinnu lokið. Minjastofnun vinnur að skýrslu um skráningu í Árneshreppi og í kjölfarið verður unnt að styðja við heimamenn varðandi tillögur um nýtingu menningarminja. Vettvangsvinnu er einnig lokið við Hólsstíg í Norðurþingi, þar sem menningarminjar við gamla þjóðleið voru skráðar og er skýrsla um það á lokametrinum. Þá eru viðræður í gangi í Grímsey og Strandabyggð.	16,5 m.kr.	16,5 m.kr.	MRN
B.17	Bújarðir í eigu ríkisins	Að móta eigendastefnu fyrir bújarðir í eigu ríkisins.	Lokið með samþykkt <u>eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda í júlí 2019.</u>	0	0	FJR
B.18	Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu	Að auka möguleika kvenna til atvinnuþátttöku á landsbyggðinni.	Í vinnslu. Úttekt á stöðu og tækifærum kvenna og karla á vinnu- markaði í dreifbýli er unnin af Jafnréttisstofu. Rannsóknin var útfærð með frekari viðtölum sumarið 2021 við yngri aldurshóp kvenna með framhaldsmenntun og frumdrög niðurstaðna kynnt á fundi um jafnréttismál sveitarfélaga í október 2021. Verkefnaáætlun gerði ráð fyrir framkvæmd 2. hluta viðtala í mars/apríl 2020 en Covid tafði þá vinnu og hefur þar með haft áhrif á úrvinnsluna og skrif á lokaskýrslu. Áætluð verklok eru í lok árs 2021.	5 m.kr.	5 m.kr.	FOR

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða						
C.1	Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða	Að færa heimamönnum aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun.	Í vinnslu. Samkeppnispottur sem úthlutað hefur verið úr í þrígang. Landshlutasamtök sveitarfélaga skilgreina verkefni og senda umsóknir sem valnefnd fer yfir. 493 m.kr. hefur verið ráðstafað til 22 verkefna.	493 m.kr.	870 m.kr.	SRN
C.2	Brothætt byggðarlög	Að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.	Í vinnslu. Á árunum 2018-2020 hafa samtals tíu byggðarlög tekið þátt í Brothættum byggðum. Á árinu 2021 eru þau sex, þ.a. mun eitt ljúka vegferð sinni í lok ársins en tvö verkefni voru framlengd um eitt ár, til loka árs 2022. Veitt hefur verið sérstök aukafjárveiting vegna Bakkafjarðar, alls 33 m.kr. á árunum 2019-2021 og 14 m.kr. vegna annars vega Árneshrepps og hins vegar Grímseyjar á árinu 2021. Þá voru 100 m.kr. lagðar til verkefnisins aukalega í gegnum fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar 2020. Ákveðið hefur verið að ganga til samstarfs við tvö ný byggðarlög í lok árs 2021.	561 m.kr.	700 m.kr.	SRN
C.3	Stuðningur við einstaklinga - námslán	Að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum.	Lokið. Ný lög um Menntasjóð námsmanna tóku gildi á árinu 2020. Í þeim er kafli um sértækar aðgerðir sem annars vega heimila tímabundnar ívilnanir við endurgreiðslu námslána til að mæta viðvarandi skorti í ákveðnum starfsstéttum og hins vegar heimild til að veita tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána hjá lánþegum	0	0	MRN

			búsettum á svæðum skilgreindum í samráði við Byggðastofnun, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimildin er ætluð til þess að gefa ráðherra tækifæri til að bregðast við ástandi þar sem skortur er á menntuðum einstaklingum á ákveðnum svæðum.			
C.4	Höfuðborgarstefna	Að mótuð verði höfuðborgarstefna sem skilgreini hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar allra landsmanna, réttindi og skyldur borgarinnar sem höfuðborgar Íslands og stuðli að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls.	Í vinnslu. Starfshópur var skipaður í maí 2021. Verklök eru áætluð í ágúst 2022.	4 m.kr.	7,3 m.kr.	SRN
C.5	Varmadæluvæðing á köldum svæðum	Að draga úr raforkunotkun á köldum svæðum og auka orkuöryggi.	Í vinnslu. Veittur var styrkur til kaupa sjóvarmadælu í Vestmannaeyjum og eru fleiri köld svæði sem eru með fjarvarmaveitur til skoðunar. Styrkir til einstaklinga til kaupa á varmadælum hafa verið hækkaðir og áætlað að þeir verði um 25 m.kr. árið 2021. Orkusjóður hefur veitt sveitarfélögum fjárfestingastyrki til verkefna sem leiða til lægri kostnaðar við óniðurgreitt rafhitað húsnæði og mannvirki. Tengist aðgerð A.14.	0	0	ANR

C.6	Húsnæðismál	Að fjölga íbúðum á svæðum þar sem eru sóknarfæri til þess að rjúfa stöðnun í atvinnumálum en skortur á hentugu íbúðarhúsnæði hamlar uppbyggingu.	Lokið. HMS hefur fest í sessi verkefnið Tryggð byggð – samstarfs- vettvangur um húsnæðis- uppbyggingu á landsbyggðinni sem hófst með tilraunaverkefni í samstarfi við sjö sveitarfélög árið 2019. Þegar hafa 36 sveitarfélög tekið þátt í verkefninu og íbúðum fjölgað um 474 á þeim svæðum en heildar- fjárfesting á grundvelli verkefnisins nemur um 12 milljörðum. Ýmsum verkfærum er beitt, svo sem stofn- framlög og sérstakt byggðaframlag vegna almennra íbúða, landsbyggðarlán, leiguíbúðalán, hlutdeildarlán og samstarf við Leigufélagið Bríeti sem er í eigu stofnunarinnar.	20 m.kr.	20 m.kr.	FRN
C.7	Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga	Að raunhæfar og markvissar húsnæðisáætlanir verði í gildi hjá öllum sveitarfélögum.	Í vinnslu. Flest sveitarfélög landsins hafa birt húsnæðisáætlun eða eru með í vinnslu. Alls hafa 19 sveitar- félög uppfært áætlun á árinu 2021 og 36 sveitarfélög eru með uppfærslu í vinnslu. HSM vinnur að því að innleiða stafrænar húsnæðis- áætlanir með það að markmiði að auðvelda sveitarfélögum gerð áætlana, uppfærslu þeirra og auka áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þar koma fram.	0	0	FRN
C.8	Efling fjölmiðlunar í héraði	Að efla staðbundna fjölmiðla.	Í vinnslu. Árin 2020 og 2021 veitti mennta- og menningarmálaráðherra 11 staðbundnum fjölmiðlum styrki að upphæð samtals 15 m.kr. eftir umsóknaferli. 5 m.kr. hvort ár komu	10 m.kr.	25 m.kr.	MRN

			af byggðalið og MRN bætti við 5 m.kr. árið 2021. Lög nr. 58/2021 um breytingar á fjölmiðlalögum kveða m.a. á um staðbundna fjölmiðla. Styrkveitingar árið 2021 voru samkvæmt reglum nr. 1050/2021 um styrkveitingar til staðbundinna fjölmiðla.			
C.9	Náttúruvernd og efling byggða	Að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða.	Í vinnslu. UAR hefur gert samninga við fimm landshlutasamtök sveitarfélaga um greiningu tækifæra og áhrifa friðlýstra svæða. Verkefnunum er lokið á Austurlandi, Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Gerður hefur verið samningur við Fjórðungs-samband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um greiningu tækifæra við Breiðafjörð og leggur UAR 15 m.kr. til viðbótar í það verkefni.	30,5 m.kr.	57 m.kr.	UAR
C.10	Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum	Að efla fagþekkingu þeirra sem vinna að uppbyggingu innviða í náttúrunni.	Lokið. Gerðir hafa verið samningar við Landbúnaðarháskóla Ísland og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs um þróun námskeiða og ýmis verkefni sem miða að markmiðum aðgerðarinnar. Unnið hefur verið að aðgerðinni sem hluta af vinnu samstarfs hóps um aukna fagþekkingu við uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminjuna. Sem hluti af þessari aðgerð er upp komin vefsíða með aðgengilegum leiðbeiningum um gerð merkinga og gerð náttúrustíga - (godarleidir.is).	15 m.kr.	15 m.kr.	UAR

C.11	Fleiri konur í sveitarstjórnir	Að fjölga konum í sveitarstjórnnum.	Í vinnslu. Aðgerðin var sett fram í byggðaáætlun fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018. Eftir kosningar urðu konur 47% sveitarstjórnarfólks og hefur hlutfallið aldrei verið hærra. Í ljósi þess árangurs var það mat forsætisráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jafnréttisstofu að framkvæma verkefnið ekki óbreytt heldur vinna með tillögur að annars konar útfærslu sem tengist aðgerðum í annars vegar framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og hins vegar aðgerðaáætlun í sveitarstjórnarmálum. Í undirbúningi er herferð sem ætlað er að stuðla að því að kynjahlutfallið haldist sem jafnast og að auki vekja athygli á mikilvægi þess að fólk með fjölbreyttan bakgrunn taki þátt í sveitarstjórnnum.	6 m.kr.	11 m.kr.	FOR
C.12	Kynning og innleiðing áfangastaðaáætlana	Að stýra uppbyggingu og þróun ferðamannastaða.	Lokið. Markaðsstofur landshluta sáu um framkvæmd, hver í sínum landshluta, utan höfuðborgarsvæðisins. Áætlanir eru á vef Ferðamálastofu .	30 m.kr.	30 m.kr.	ANR
C.13	Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála	Að stefnumótun á sviði byggðamála og framkvæmd hennar byggist á traustum gögnum.	Í vinnslu. Byggðastofnun safnar og miðlar upplýsingum um atvinnu- og byggðapróun. Upplýsingarnar eru birtar í skýrslum og með myndrænum hætti á mælaborðum á vef stofnunarinnar. Þar má m.a. sjá íbúapróun, þróun atvinnutekna frá 2012-2020, fasteignamat og fasteignagjöld árið 2021 á 96 mats-	80 m.kr.	140 m.kr.	SRN

			svæðum, orkukostnað heimila frá 2014-2020 og kortamælaborð sem sýnir sveitarfélagaskipanina frá 1876. Þá var sett upp mælaborð sem sýnir fjölda stöðugilda og staðsetningu ríkisstarfa eftir landshlutum, sveitarfélögum og málaflokkum ráðuneyta. Birtar voru rannsóknarskýrslur um búferlaflutninga og byggðafestu. Þá var unnið yfirlit um húsnæði og aðstöðu sem stendur til boða fyrir störf óháð staðsetningu, kort af vinnu- og skólasóknarsvæðum voru uppfærð og unnin var skýrsla um vinnu- og skólasóknarsvæði og almenningsamgöngur.			
C.14	Samstarf safna - ábygðarsöfn	Að efla safnastarf í landshlutum.	Í vinnslu. MRN hefur gert samning við fjögur landshlutasamtök sveitarfélaga um gerð fýsileikakönnun á samstarfi og sameiningu safna og hafa þau öll skilað skýrslum. Um er að ræða Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Austurland.	14 m.kr.	22,5 m.kr.	MRN
C.15	List fyrir alla	Að öllum árgöngum grunnskóla verði gert kleift að njóta listverkefna Listar fyrir alla.	Í vinnslu. Öllum grunnskólum landsins standa til boða heimsóknir listamanna úr ólíkum listgreinum. Laun listamanna og upphald er kostað af verkefninu. Síðastliðin ár hafa allir grunnskólar utan Reykjavíkur fengið heimsókn, eða um 150 skólar og 10-15 þúsund börn. Árlega starfa 70-80 listamenn á vegum List fyrir alla sem tekur þátt í margs konar samstarfi við menningarstofnanir á landsvísu til	17,5 m.kr.	32,5 m.kr.	MRN

			að jafna enn frekar aðgengi barna að menningu og listum, óháð búsetu og efnahag. Listveitan veita.listfyriralla.is er dæmi um það sem og nýr vefur Menning fyrir alla .			
C.16	Vaxtarsvæði	Að gera ríki og sveitarfélög færari um að bregðast við þenslu á vaxtarsvæðum	Í vinnslu. Covid setti strik í reikninginn og þau svæði sem áður töldust vaxtarsvæði þurftu að takast á við gífurlegar áskoranir vegna hruns ferðapjónustunnar. Samráðsteymi ráðuneyta og sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur fundað mánaðarlega, tekið stöðuna og brugðist við áskorunum er upp hafa komið. 250 m.kr. var veitt í aðgerðaáætlun sem lögð var fram í maí 2020. SSS vinnur að lokaskýrslu. Þá störfuðu tvö samráðsteymi með fulltrúum SRN, Byggðastofnunar, hlutaðeigandi landshlutasamtaka og fulltrúa fimm sveitarfélaga á Suðurlandi og einu á Norðurlandi eystra fyrri hluta árs 2021 og fylgdu eftir verkefnum er ráðist var í á grunni fjárveitingar að upphæð 150 m.kr. til þessara sex sveitarfélaga. Byggðastofnun vinnur að samantekt vegna þeirra verkefna.	400	0	SRN